

Fundur 25.3.2024 Bobby Fisher.

Komið þið öll blessuð og sæl.

*Já góða kvöldið.*

Allt of langt síðan ég hef í ykkur heyrt Bobby Fisher.

*Já velkominn blessaður.*

*Já já, gott að heyra í þér.*

Já já.

*Komin á gamlan góðan stað, ert þú með galla með okkur ?*

Já já, ég er enn á þeim stað sem ég talaði frá síðast, já það er mikil breyting til batnaðar sem varð á mínum högum, þegar ég komst á þennan hnött, þótt ekki sé hann fullkominn, en losnaði ég úr vistarverum þeim og dýflissum þeim sem mér hafði verið búnar á Zíon.

Og eru það orðin átta ár síðan það gerðist og varð það mikil bót og segja má að þótt lífið hér sé ekki fullkomið, þá er það mun betra og margt merkilegt frá því að segja og öflugur hér í framlífi.

Og satt er það að er ég nú farinn að kunna betur við þennan hnött og tel að héðan muni margt gott koma.

Og þakka ég ykkur kærlega fyrir allan stuðninginn og ykkar ágætu þjóð, og hygg ég að þjóð ykkar verði þakkað fyrir það og muni öðlast frægð á alþjóða vettvangi þegar þessi mál verða viðurkennd.

En það er nauðsynlegt að sambandsstöðvar í ykkar stíl, rísi á erlendri grund og menn fari að leita sambands með þessum hætti og munu þá koma í ljós samsvarandi niðurstöður og sambönd og vísindin munu þá ekki getað neitað þessu til lengdar.

En... afsakið sambandið er stopult, það er reynt að stöðva okkur, en erum hér í gömlu og stóru virki, eru þetta kallaðar Klettaborgirnar.

Og glerhýsi yfir þar sem sambandsstöðvarnar eru og langt í burtu frá þessu landssvæði við landamærin, þar sem myrkrið er mikið, sækja að múslimar og frumstæðir menn nokkrir og hafa valdið eyðileggingu.

Og höfum reynt að stöðva þá og njótum aðstoðar og fulltingis æðri vera sem hingað koma frá ljóshlið hnattarins og er margt og merkilegt frá því að segja.

Vona ég að mér takist að komast aftur í gegn fljótlega, til að segja frá því.

En margar góðar framfarir hafa orðið á mínum högum, en finn ég að reynt er að trufla samband þetta, en ég hlakka mikið til að komast aftur í sambandið og hef ég þá frá mörgu að segja.

En verð ég víst að kveðja að sinni, en gleður það mig að tala við ykkur og finn ég mig eflast og hef ég margt að segja frá jákvæðum tíðindum þeirra sem okkur hafa hjálpað, verður það að bíða að sinni.

Verið þið sæl og þakka ég fyrir allt gamalt og gott.

Verið þið sæl.

*Vertu blessaður við vorum að bíða eftir að heyra í þér.*

Já.